


**Stofnmæling
botnfiska á
Íslandsmiðum 1992**

**Björn Æ. Steinarsson
Einar Jónsson
Gunnar Jónsson
Gunnar Stefánsson
Ólafur K. Pálsson
Sigfús A. Schopka**



Hafrannsóknastofnunin

STOFNMÆLING BOTNFISKA Á ÍSLANDSMÍÐUM 1992
Icelandic Ground Fish Survey 1992

- Rannsóknaskýrsla -
Survey report

Björn Æ. Steinarsson, Einar Jónsson, Gunnar Jónsson,
Gunnar Stefánsson, Ólafur K. Pálsson, Sigfús A. Schopka

Janúar 1993

Efnisyfirlit

	bls.
1. Inngangur.....	3
2. Gagnasöfnun.....	3
3. Niðurstöður.....	3
3. 1. Umhverfispættir	3
3. 2. Lengdardreifingar	4
3. 3. Aldursdreifingar	6
3. 4. Meðalþyngd eftir aldri.....	7
3. 5. Kynþroski eftir aldri	8
3. 6. Stofnvísitölur.....	9
3. 7. Nýliðun	11
3. 8. Útbreiðsla þorsks	12
3. 9. Náttúruleg dauðsföll þorsks	13
3.10. Veiðnanleiki þorsks eftir svæðum	14
3.11. Lengdar-þyngdarsamband þorsks.....	15
4. Helstu niðurstöður.....	17
5. English summary.....	18
Heimildarit.....	19
Töflur	20
Myndir	31

1. Inngangur

Gagnasöfnun fyrir "Stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 1992" fór fram 4.-19. mars. Til verksins voru leigðir 5 togarar, Arnar HU 1, Bjartur NK 121, Ljósafell SU 70, Rauðinúpur PH 160 og Vestmannaey VE 54. Teknar voru 574 togstöðvar á landgrunninu allt umhverfis landið niður á 500 m dýpi og að miðlínu milli Íslands og Færeyja. Þar af voru teknar 3 aukastöðvar í útköntum vegna tiltölulega mikils þorskmagns.

Um nánari tilhögun þessara rannsókna er vísað í "Handbók um Stofnmælingu botnfiska á Íslandsmiðum 1992", sbr. skrá um heimildarrit.

2. Gagnasöfnun

Lengdarmældar voru 33 fisktegundir, alls tæplega 348 þúsund fiskar, þar af um 44 þúsund þorskar, 63 þúsund ýsur, 58 þúsund karfar, 44 þúsund skrápflúrir og um 17 þúsund steinbítar, og er þetta mun umfangsmeiri gagnasöfnun en í stofnmælingunni 1991. Tólf tegundir voru kyngreindar. Kvörnum til aldursgreininga var safnað af 12 tegundum, þar á meðal þorski, ýsu og ufsa, alls 10009 kvarnasýni (sjá 1. töflu).

Hreistursýnum af þorski var safnað á öllu athafnasvæðinu vegna samanburðar við aldursgreiningu kvarna.

Þorskur var vigtaður á afmörkuðu svæði á Norðurmiðum og á SV-miðum, í þeim tilgangi að kanna breytingar á ástandi (holdastuðli) fisksins frá ári til árs.

Safnað var fisksýnum (þorski og sandkola) vegna alþjóðlegs samstarfs um mælingar á mengandi efnum í sjó.

Safnað var smákarfa, minni en 25 cm, vegna samanburðar á lengdartoppum og aldursákvörðunum.

Umfangsmikil gagnasöfnun fór fram til rannsókna á fæðu botnfiska á Íslandsmiðum sem liður í fjölstofnarannsóknum. Safnað var sýnum af 27 fisktegundum alls um 28 þúsund mögum.

Í eftirfarandi köflum er gerð grein fyrir nokkrum niðurstöðum um líffræðilega þætti og stofnvísitölur helstu fiskstofna, þ.e. þorsks, ýsu, karfa, steinbíts og skrápflúru. Varðandi frekari niðurstöður vísast í skrá um heimildarrit.

3. NIÐURSTÖÐUR

3.1. Umhverfispættir

Hitastig var mælt á flestum togstöðvum í yfirborði og við botn. Á 1. mynd og 2. töflu má sjá meðalhita úr þessum mælingum á árabílinu frá 1985-1992 þ.e. þeim tíma sem verkefnið hefur verið í gangi. Á Suður- og Vesturmiðum var næst hæsta botnhitastig frá 1985 og á Norðvesturmiðum var met botnhiti. Á Norðurmiðum var í meðallagi hlýtt en

mun svalara en árin 1985-1987 og svipað má segja um Austurmið. Sé lítið til yfirborðshita er nokkuð aðra sögu að segja þar sem yfirborðshiti er ýmist fremur í meðallagi eða lágur á öllum miðum að Rósagarði undanskildum en yfirborðshiti endurspeglar líkast til veðurfar vetrarins frekar en ástand sjávar. Á 2. mynd er botnhitastig við landið sett fram í lituðum kortum sem gefur mun glöggari mynd af ástandi og breytingum heldur en einföld meðaltöl. Þar má sjá að árin 1988-1990 skera sig greinilega úr hvað varðar lágt hitastig sjávar við norðan- og austanvert landið einkum árið 1989. Kortin sýna og á stundum einstaka heitar eða kaldar tungur sem geta gengið fram og skorið sig úr í hlýjum eða köldum sjó án þess þó að breyta miklu um heildarástand á stærra svæði. Þá er ljóst af kortunum að mjög misjafnlega getur árað í Rósagarðinum. Þar flæðir hlýr sjór að jafnaði yfir en einnig hendir og að slíkt bregðist nær algerlega.

Veðurfar í mars 1992 á meðan rannsóknirnar stóðu yfir var misjafnt eins og gengur í þessum leiðöngurm en lítið um stórbrætur (4. tafla). Frátafir vegna veðurs voru þannig litlar og SA-læg vindátt algengust (3. tafla).

3.2. Lengdardreifingar

Þorskur

Lengdardreifing þorsks á öllu rannsóknasvæðinu (3. mynd) einkennist af fiski á 20-45 cm lengdarbili. Eins árs fiskur, minni en 20 sm, sést varla í heildarlengdardreifingunni. Allmargir smáir toppar eru á þessu bili þar sem árgangar aðgreinast ekki fyllilega en tveir meginþoppar á 20-35 cm og 35-45 cm bilinu marka líkast til tveggja og þriggja ára gamlan fisk. Af stærri fiski er mun minna og árgangar aðgreinast þar alls ekki í lengdardreifingunni. Mest er þar af fiski á bilinu 50-55 cm en fækkar með vaxandi lengd.

Á suðursvæði er þorskurinn stærri en á norðursvæði eins og jafnan eða mest á bilinu 60-90 cm (4. mynd). Töluvert er þar nú af minni fiski þ.e. 55 cm og minni og einstaka árgangar af þessum smærri fiski afmarkast vel í lengdardreifingunni. Vel markar fyrir eins árs gömlum fiski á lengdarbilinu 10-20 cm og síðan fer meira fyrir tveggja ára fiskinum á 20-35 cm lengdarbilinu. Á lengdarbilinu 40-50 cm rís skörðóttur toppur sem samanstendur líkast til mestmegnis af þriggja ára fiski en einnig fjögurra ára við efri mörk.

Á norðursvæði (5. mynd) er lengdardreifingin mjög svipuð og á heildarsvæðinu enda fæst eins og í fyrri stofnmælingum mest af þorskinum á því svæði og heildarlengdardreifingin því mjög mörkuð af samsetningunni á norðursvæði. Athygli vekur að nánast ekkert er um 10-15 cm (eins árs) á norðursvæði. Á suðursvæði er hann hinsvegar meira áberandi í lengdardreifingunni enda þótt heildarfjöldi sé líkast til á svipuðu róli. Augljóslega er hér lélegur árgangur á ferð.

Lengdardreifing þorsks úr stofnmælingu árið 1992 er töluvert frábrugðin

lengdardreifingunni í stofnmælingunni 1991. Hlutur stærri fisks en 50 sm er nú mun minni en var í fyrra. Ef litið er á lengdardreifinguna á suðursvæði þá hefur megintoppur þess stóra fisks sem þar er að finna eðlilega hliðrast nokkuð upp á við þannig að sá fiskur er nú mest á bilinu 60-90 cm í stað 50-80 cm árið áður. Þá eru yngri árgangar mun skýrar afmarkaðir í lengdardreifingunni á suðursvæði árið 1992 heldur en árið 1991. Á norðursvæði markar nú varla fyrir eins árs fiski eins og áður sagði en í stofnmælingunni í fyrra sást hann vel þótt ekki væri sá toppur ýkja hár.

Ysa

Heildarlengdardreifing ýsu einkennist af einum mjög háum toppi í kringum 27 cm og síðan öðrum, miklu lægri í kringum 35 cm (6. mynd). Þarna eru á ferðinni tveggja og þriggja ára ýsa úr árgöngunum frá 1990 og 1989 en við þá hafa verið tengdar væntingar um að hér séu á ferðinni stórir árgangar. Í fyrstu voru þeir verið áttaðir jafn stórir rétt eins og talið var um stóru árgangana frá 1984 og og 1985 en sá fyrrnefndi reyndist síðar töluvert minni. Innkoma þessara árganga (1989 og 1990) í stofnmælinguna er með nokkuð svipuðum hætti og var með áður nefnda árganga fyrir 5 árum. Mjög lágur toppur á 15 cm bilinu markar eins árs ýsuna sem gefur til kynna að árgangurinn frá 1991 sé ekki stór. Eins og í lengdardreifingunni í fyrra fellur hlutur ýsu af eldri árgöngum mjög í skugga þessara stóru árganga og hlutur stærri ýsu en 45 sm virðist næsta lítil í heildarlengdardreifingunni.

Lengdardreifingar eftir svæðum gefa til kynna að smáýsu á fyrsta, öðru og þriðja ári sé oftast að finna í hlutfallslega jafn miklu mæli á suðursvæði sem á norðursvæði. Þegar á heildina er litið virðist meira af ýsu á norðursvæði en á suðursvæði (7. og 8. mynd) sem er óvanalegt og stafar mest af hinu mikla magni af tveggja ára ýsu á norðursvæði. Á norðursvæði virðist aldurstoppur þriggja ára ýsu vel afmarkaður með meðallengd í kringum 35 sm. Ysa af sama árgangi á suðursvæði hefur eðlilega vaxið að hluta til betur og myndar breiðari topp á bilinu 30-45 cm sem afmarkast þó ekki skýrt frá eldri ýsu.

Gullkarfi

Lengdardreifing gullkarfa er í stórum dráttum nokkuð svipuð því sem verið hefur í fyrri mælingum, bæði eftir svæðum og í heild (9.-11. mynd). Áberandi í stofnmælingunni nú er toppur smágullkarfa (um 10 cm á lengd) á norðursvæði í það miklu magni að þessi gullkarfi markar mjög heildarlengdardreifinguna. Þessi toppur kom fram í fyrra en ekki í eins áberandi. Þarna virðist vera á á ferðinni þokkalagur eða góður nýliðunarárgangur. Ungviði gullkarfa hefur þar til nú tvö síðustu ár lítt komið inn í stofnmælinguna þannig að óljóst er hvað úr slíkum toppi verður. Aukning í innkomu þessa smáa gullkarfa frá í fyrra lofar þó góðu. Hvað veiðistofninn varðar er gullkarfinn heldur stærri en í fyrra í lengdardreifingu stofnmælingarinnar þar sem mest er nú af gullkarfa um 38 cm að lengd í stað 35 cm í fyrra.

Steinbítur

Lengdardreifing steinsbíts á norðursvæði (14. mynd) hefur lítið breyst frá mælingunni 1991. Þar sem aðalsteinbítsaflinn fæst á norðursvæði er heildarlengdardreifing steinbíts (12. mynd) nánast eins og á því svæði. Heildarlengdardreifingin einkennist af tiltölulega jafnri hlutdeild fisks á bilinu 10-60 sm. Mest er af fiski í 23 cm toppi og hefur sá toppur ekkert þokast upp frá í fyrra sem bendir til áframhaldandi jafnrar nýliðunar. Á suðursvæði (13. mynd) hefur hlutur steinbíts smærri en 45 cm ætíð verið töluvert minni en þess eldri, en síðustu tvö ár var munurinn minni en áður.

Skráplúra

Heildarlengdardreifing skráplúru einkennist af fiski á bilinu 15-40 sm eins og gjarnan í undanförunum stofnmælingum (15. mynd). Hlutur smærri fisks er nú meiri en árið áður. Mest er af fiski í tveimur toppum á 23-25 cm lengdabili í stað fisks 30-32 cm í fyrra. Eins og jafnan fékkst megnið af skráplúruaflanum á norðursvæði (16.-17. mynd) sem ræður þá mestu um heildarlengdardreifinguna.

3.3. Aldursdreifingar

Þorskur

Á 18.-20. mynd er sýnd aldursdreifing eins til tíu ára þorsks á öllu rannsóknasvæðinu og eftir svæðum 1985 til 1992. Undanfarin ár hafa árgangar 1983-85 verið mest áberandi og reyndar uppistaða í þorskstofninum hér við land. Á árunum 1985 og 1986 var eins til þriggja ára smáþorskur af þessum árgöngum mjög áberandi á norðursvæði. Þessum þremur árgöngum má fylgja eftir í gegnum stofninn á árunum 1987 til 1989 á norðursvæði. Á árinu 1990 minnkaði hlutdeild þeirra mjög og eru þeir nú að mestu horfnir af þessu svæði. Ennfremur má sjá að engir áberandi sterkir árgangar hafa bæst í stofninn sem eins og tveggja ára fiskur síðustu 6 árin. Þó kemur árgangur 1989 ívið skár út á norðursvæði árið 1992 sem þriggja ára fiskur en fyrri vísbendingar gáfu til kynna.

Aldursdreifing þorsks á suðursvæði er nánast andhverfa aldursdreifingarinnar á norðursvæði, þ.e. mest er um eldri fisk á fyrrnefnda svæðinu en yngri á því síðarnefnda. Á árunum 1985 til 1987 eru aldursflokkar tiltölulega jafnir. Þó má sjá árgangana 1983 og 1984 í nokkru magni sem tveggja og þriggja ára fisk þegar árið 1986. Hlutdeild þessara árganga og ágangs 1985 vex mjög á árunum 1988 og 1989. Hlutdeild ágangs 1983 minnkaði síðan talsvert 1990 (7 ára) og 1991 (8 ára). Árgangur 1984 stóð hins vegar í stað sem 7 ára á árinu 1991 og má rekja það til þorskgöngu frá Grænlandi árið 1990. Ekki virðist nein viðbótarganga hafa komið 1991, sem menn höfðu þó vonast til og ekki að sjá nein merki þess í stofnmælingu 1992. Nú er svo komið að á suðursvæði einkennist aldursdreifing stofnsins af eintómum lélegum árgöngum.

Ysa

Á 21.-23. mynd er sýnd aldursdreifing eins til tíu ára ýsu í stofnmælingum 1985 til 1992. Undanfarin ár hafa árgangar 1984 og 1985 verið uppistaðan í ýsustofninum. Þessum árgöngum, einkum árgangi 1985, má fylgja eftir í gengum stofninn einkum á suðursvæði, en einnig á norðursvæði árin 1986 til 1988. Í stofnmælingunni 1990 einkenndist aldursdreifing ýsunnar, einkum á norðursvæði, af heldur jafnari árgangastærð eins til sjö ára ýsu. Á suðursvæði var 5 ára ýsa af árgangi 1985 enn áberandi. Jafnframt var eins árs ýsa af árgangi 1989 í talsverðu magni. Á árinu 1991 voru tveir yngstu árgangar stofnsins yfirgnæfandi í fjölda. Þessir árgangar frá árunum 1989 og 1990 komu svo enn betur fram í stofnmælingunni 1992. Sérstaklega sterkur er árgangurinn frá 1990.

Steinbítur

Í stofnmælingu botnfiska hafa veiðst steinbítar á aldrinum eins til rúmlega tuttugu ára. Mest fæst af þriggja til þrettán ára fiski. Ekki verður séð að markverð breyting hafi orðið á aldursdreifingu stofnsins á tímabilinu 1985-91 (24. mynd).

Við samanburð á afla fiskiskipa (botnvörpu- og línuafla) kemur í ljós að þar ber mest á 7-14 ára steinbít. Ennþá ber nokkuð á stórum og gömlum (15 ára og eldri) steinbít í afla en þó virðist þeim fara fækkandi.

3.4. Meðalþyngd eftir aldri

Þorskur

Meðalþyngd þorsks á suðursvæði hefur farið lækkandi undanfarin ár, en hækkaði eilítið hjá 4-7 ára þorski 1992. Hins vegar var meðalþyngd 8 ára þorsks sú lægsta síðan 1985, enda hefur þessi árgangur vaxið hægar þar sem hann er að hluta til kominn frá Grænlandi (25. mynd, 5. tafla). Þó að meðalþyngd á norðursvæði hafi verið nokkuð breytileg frá ári til árs, reyndist hún vera með lægsta móti 1992 hjá þorski yngri en 7 ára. Hlutdeild elsta þorsksins á þessu svæði er það lítil að sú hækkan í meðalþyngd sem lesa má út úr gögnunum verður að taka með fyrirvara (26. mynd).

Ysa

Meðalþyngd ýsu á suðursvæði reyndist lægst undanfarin 6 ár árið 1990. Meðalþyngdin árin 1991 og 1992 reyndist hærri hjá flestum aldursflokkum en var árið 1990 (27. mynd, 6. tafla). Svipaðrar þróunar gætir einnig á norðursvæði (28. mynd), en þar reyndist ýsan einnig léttust árið 1990. Hjá fimm til sjö ára ýsu reyndist meðalþyngd ýsu árið 1991 og 1992 nokkuð hærri en árið 1990. Þriggja ára ýsa var svipuð að þyngd 1985-92, en meðalþyngd tveggja ára ýsu hefur farið minnkandi síðan 1985 og var meðalþyngd hennar 1992 sú lægsta á rannsóknatímabilinu.

Steinbítur

Á 29. mynd er sýnd meðalþyngd þriggja til sautján ára steinbíts í stofnmælingu botnfiska 1985-91. Þriggja ára steinbítur er 30-50 grömm að þyngd. Níu til tíu ára að aldri nær

hann einu kg., tveimur kg. 13-14 ára og þremur kg. 16 ára að aldri. Vaxtarhraði steinbíts er því tiltölulega hægur. Þyngdaraukning steinbíts frá 7 ára aldri, þ.e. er um það bil sem hann verður kynþroska, er um 200-400 grömm á ári. Þegar steinbítur er orðinn 17 ára er hann að meðaltali 3.6 kg að þyngd.

3.5. Kynþroski eftir aldri

Þorskur

Á suðursvæði var kynþroskahlutfall fjögurra og fimm ára þorsks með hæsta móti. Kynþroskahlutfall fjögurra ára þorsks hefur aldrei verið hærra og hlutfall fimm ára var svipað og 1988 sem er það hæsta til þessa. Kynþroskahlutfall 6 ára og eldri þorsks á suðursvæði var svipað og undanfarin ár jafnvel örlítið hærra ef eithvað er (30. mynd og 7. tafla).

Á norðursvæði var kynþroskahlutfall eftir aldri sveiflukenndara en á suðursvæði. Í mars 1992 var það í hærra lagi miðað við fyrri ár (31. mynd).

Ysa

Árið 1990 var kynþroski tveggja til fimm ára ýsu á suðursvæði hærra en nokkru sinni tímabilið 1985-1989. Árið 1991 var kynþroski þessara sömu aldursflokka áþekkur og árabilið 1985-1989. Árið 1990 vakti athygli hversu hátt hlutfall af tveggja og þriggja ára ýsu var orðið kynþroska en ekki bar á neinu slíku árin 1991 og 1992. Ekki hafa fundist neinar skýringar á þessu fyrirbrigði. Kynþroskahlutfall ýsu 6 ára og eldri árið 1992 var svipað meðaltali fyrri ára (32. mynd og 8. tafla).

Á norðursvæði var kynþroskahlutfall ýsu miklu sveiflukenndara. Þannig er t.d. kynþroskahlutfall 6 og 9 ára ýsu ofan við meðaltal árunna 1985-1991 en 7 og 9 ára ýsu er neðan við meðaltal þessara ára (33. mynd).

Steinbítur

Gera má ráð fyrir nokkurri ónákvæmni í kynþroskagreiningu steinbíts sem er fimm ára og yngri einkum þó hjá hængum.

Steinbítur verður almennt kynþroska 6-8 ára (34. mynd). Reyndar eru nokkrir kynþroska steinbítar þriggja til fimm ára gamlir og mun þar vera um hrygnur að ræða þar sem eggmyndun er sýnileg hjá þeim mjög snemma en hrygning hefst varla fyrr en síðar, þ.e. þegar þær eru orðnar 6-8 ára eins og þegar hefur verið getið. Við 9 ára aldur er um og yfir 50% steinbíta orðinn kynþroska og 80% 13 ára steinbíts og eldri. Kynþroskahlutfall 7-12 ára steinbíts var lægra 1991 en fyrri ár, en kynþroskahlutfall enn eldri steinbíts var svipað meðaltali fyrri ára.

3.6. Stofnvísitölur

Þau stofnstærðargildi sem fást úr SMB-gögnum eru nefnd stofnvísitölur. Þessar stofnvísitölur eru gefnar upp í fjölda fiska og í þyngd. Reiknaður er meðalfjöldi/þyngd fiska í staðaltogi (4 sjm.) á undirsvæðum sem afmarkast af reitum með sömu veiðilíkur þorsks. Meðaltal allra undirsvæða er síðan vegið með flatarmáli svæðanna. Meðalaffi í togi sem fæst á þennan hátt er síðan margfaldaður með hlutfalli heildarflatarmáls rannsóknasvæðisins og yfirferðar (flatarmáls) botnvörpunnar í staðaltogi, og fæst þá svokölluð stofnvísitala. Þessi reikniaðferð er notuð í þessari skýrslu nema annað sé tekið fram.

Af ýmsum ástæðum er stofnvísitala í mörgum tilvikum lægri en raunveruleg stofnstærð: Í fyrsta lagi er lóðrétt opnun botnvörpunar um 2 - 3 m, þannig að fiskur sem heldur sig lengra frá botni er utan gagnasöfnunarsviðsins. Í öðru lagi má gera ráð fyrir að hluti þess fisks sem lendir í opi vörpunnar sleppi áður en hann berst inn í vörpuna og í þriðja lagi að eitthvað sleppi út um möskva vörpunnar. Framangreindir þættir eru að sjálfsögðu mismunandi eftir tegundum og stærðardreifingu viðkomandi tegundar, en aðferðin gerir ráð fyrir að sama tegund sýni svipaða hegðun frá ári til árs.

Þorskur

Stofnvísitala þorsks árið 1992 reyndist sú lægsta sem mælt hefur, eða 216 þús. tonn, en var um 290 þús. tonn 1990 og 1991 (9. tafla, 35. mynd). Þetta er í samræmi við það að stofnstærð í ársbyrjun 1992, skv. niðurstöðum V.P. greiningar, var lægri en áður hefur þekkt. Hinsvegar var stofnstærð 1991 skv. V.P. greiningu um 120 þ.t. lægri en hún var í ársbyrjun 1990. (Sbr. Nytjastofnar sjávar og umhverfispættir 1992. Aflahorfur fiskveiðiárið 1992/93. Hafrannsóknastofnunin Fjölrit nr. 29)

Lækkun stofnvístitölu úr 513 þús. tonnum 1989 í um 216 þús. tonn 1992, eða um tæp 60 % er ekki í samræmi við um 40 % minnkun á stofnstærð skv. V.P. greiningu á sama tímabili. Þetta misræmi má skýra með minni veiðanleika þorsks á hrygningarslóðinni heldur en á uppeldisstöðvum, en stóru árgangarnir frá 1983 og 1984 gengu af uppeldisstöðvunum norðan lands og austan til hrygningar á suðursvæði á þessum árum (Sbr. Stofnmæling botnfiska á Íslandsmiðum 1990. Hafrannsóknastofnunin Fjölrit nr. 22).

Tölfræðilega nákvæmni stofnvísitölunnar er metin með staðalfrávikni hennar ("relative coefficient of variation"). Því lægra sem staðalfráviknið er því áreiðanlegri telst stofnvísitalan. Sé þessi mælikvarði notaður hefur nákvæmnin verið minnst 1985 og 1989 (staðalfrávik=16%, sjá 9. töflu og 36. mynd) en mest 1990 (8%). Á árinu 1992 mældist staðalfrávik tiltölulega lágt eða um 11%. Líklega má rekja hlutfallslega litla nákvæmni í fyrstu mælingunni 1985 til veðurfars og útbreiðslumynsturs þorsksins er mæling fór fram.

Í 10.-11. töflu og 37. mynd eru sýndar vísitölur árganganna frá 1979 til 1991 eins og þær hafa mælt í stofnmælingunni frá upphafi. Ljóst er af þessum tölum, að þorskur er yfirleitt ekki kominn að fullu inn í mælinguna fyrr en þriggja til fjögurra ára gamall. Því

verður að hafa í huga að í heildarstofnvísitölu er einungis hluti yngstu árganga í stofnvísitölunni, sem gæti leitt til ósamræmis milli "heildarstofnstærðar" og stofnvísitölu frá ári til árs eftir stærð yngstu árganga. Vegna þessa svo og vegna hrygningargangna og mismunandi veiðanleika á norður- og suðursvæði er eðlilegra að skoða vísitölu einstakra aldursflokka fremur en vísitölu heildarstofns þegar metnar eru breytingar á stærð stofnsins.

Ysa

Stofnvísitala ýsu reyndist nú 321 þús. tonn sem er um 22 % hærra en mældist árið 1991. Þessa hækkun vísitölu má fyrst og fremst rekja til stóru árgangana frá 1989 og 1990, en hlutdeild þeirra er samtals tæpur helmingur vísitölunnar (150 þ.t.) Árin 1985 og 1986 var stofnvísitala ýsu um 250 þús. tonn (35. mynd, 9. tafla). Árið 1987 þegar stóru árgangarnir frá 1984 og 1985 bættust í stofninn hækkaði stofnvísitalan í 373 þús. tonn og var nokkuð svipuð (332 - 373 þús. tonn) árin 1987-1990. Stofnvísitalan 1991 lækkaði í 263 þús. úr 360 árið 1990 sem er ekki í samræmi við breytingar á stofnstærð skv. VP-greiningu. Misræmið virðist vera á árinu 1990 þar sem hlutfallið milli vísitölu og VP-greiningar það árið sker sig nokkuð úr. Á heildina litið eru stofnvístölur ýsu í nokkuð góðu samræmi við niðurstöður skv. aldurs-afla aðferð (VP-greining).

Breytileiki í nákvæmni á mælingu ýsustofnsins hefur verið allnokkru meiri en hjá þorski, eða 9-23% og mældist um 14% í mars 1992 (9. tafla) .

Á 38. mynd og 12. töflu, sem sýna vísitölur árganga 1979-91, má glögglega sjá að sterku árgangarnir frá 1984 og 1985 hafa verið yfirgnæfandi í ýsustofninum síðustu árin. Árgangurinn frá 1989 mælist allsterkur og 1990 árgangurinn virðist að svipaðri stærð og 1985 árgangurinn. Árgangurinn frá 1991 virðist hinsvegar vera fremur lítil, eða að svipaðri stærð og lélegu árgangarnir frá 1986-88.

Gullkarfi

Stofnvísitala gullkarfa mældist nú 229 þús. tonn, sem er lægsta vísitala frá upphafi stofnmælingar, en var 250 þús. tonn árið 1990. Hæsta gildi mældist árið 1987, 493 þús. tonn (35. mynd, 9. tafla). Að teknu tilliti til skekkjumarka má segja að stofnvísitalan hafi farið minnkandi allt frá 1987 og er nú tæpur helmingur af því sem hún mældist þá. Þetta er ekki í samræmi við mælingar á afla á sóknareiningu, sem haldist hefur tiltölulega jafn á þessu árabili. Rétt er þó að benda á að við útreikniga á afla á sóknareiningu er ekki unnt að skilja á milli gullkarfa og djúpkarfa. Staðalfrávik mælingarinnar 1992 var fremur lág eða 13%, en hefur verið á bilinu 12-20% undanfarin ár.

Stofnmælingin er þó ekki skipulögð með tilliti til gullkarfa og útbreiðslusvæðis hans og því er erfitt að meta hvort hér sé um raunverulega stofnminnkun að ræða.

Steinbítur

Frá því stofnmæling botnfiska hófst árið 1985 hefur stofnvísitala steinbíts mælst frá 43 þús. tonnum 1985 niður í 27 þús. tonn 1988, en mældist 30 þús. tonn í ár, sem er í raun

mjög svipuð tala og mælst hefur allt frá 1986 (35. mynd, 9. tafla). Staðalfrávik vísitölnunnar hefur verið tiltölulega lágt og svipað á tímabilinu eða 10 - 14%, og var 9% í mars 1992.

Undanfarin ár virðist því steinbítsstofninn hafa verið í jafnvægi hvað stofnstærð varðar. Margir árgangar hafa verið í stofninum (24. mynd) og litlar sveiflur í afla frá ári til árs.

Skrápflúra

Af þeim botnfiskstofnum sem eru mældir í stofnmælingu botnfiska en ekki eru nýttir að marki hefur skrápflúrustofninn mælst stærstur. Stofnvísitalan hefur verið frá 42 þús. tonnum árið 1989 til 62 þús. tonna árið 1986, en mældist nú 56 þús. tonn, sem er svipað og mældist 1991 (54 þús. tonn). Þessar vísitölur gefa til kynna að hér sé um nokkuð stóran ónýttan stofn að ræða (35. mynd, 9. tafla). Staðalfrávik er lægst af þeim tegundum þar sem reiknuð hefur verið stofnvísitala, eða 6-8%, og er það í samræmi við tiltölulega jafna útbreiðslu þessa fisks.

3.7. Nýliðun

Þorskur

Mat á nýliðun uppvaxandi þorskárganga byggist á fyrri rannsóknum á þorskungviði frá árunum 1976-82 og stofnmælingu botnfiska (SMB) frá 1985, sbr. 13. töflu. Gert er ráð fyrir því að SMB-gögn séu samanburðarhæf við þessi gögn (r/s Bjarni Sæmundsson) án sérstaks umreiknings.

Samkvæmt 13. töflu er marktæk fylgni milli vísitalna þriggja ára og fjögurra ára þorsks annars vegar og VP-nýliðunar hins vegar (39.-40. mynd). Hliðstæð sambönd fyrir eins og tveggja ára þorsk eru ekki marktæk ef athuganir allra árana eru metnar (41.-42. mynd). Þó er marktæk fylgni milli eins árs þorsks og VP-nýliðunar, ef árgangur 1978 er undanskilinn, og milli tveggja ára þorsks og VP-nýliðunar ef árgangur 1980 er undanskilinn.

Árgangastyrkur, í milljónum þriggja ára fiska, reiknaður samkvæmt marktækum samböndum fyrir hvern aldursflokk (sbr. 13. tafla) er tekinn saman í eftirfarandi töflu.

Árg.	Aldur (ár)				Núv. niðurstaða
	1	2	3	4	
1984	225	285	340	260	
1985	210	190	265	175	
1986	125	100	115	90	110
1987	120	170	110	130	130
1988	140	130	125	115	130
1989	160	150	160		160
1990	130	160			150
1991	100				110

Niðurstöður nýliðunargagna eru þær, að árgangar 1987 til 1990 virðast vera mjög slakir, en þó lítið eitt skárrí en árgangur 1986, eða á bilinu 130 til 160 milljónir nýliða. Gert er ráð fyrir að árgangur 1991 sé ekki lakari en árgangur 1986, enda þótt stærð hans eins árs sé sú lægsta sem mælst hefur í stofnmælingu botnfiska. Hafa ber í huga að mat á allra yngstu árgöngum byggist á fremur takmörkuðum gögnum.

Á heildina lítið hefur nýliðun í þorskstofninn því verið mjög léleg síðustu sjö árin og er það einsdæmi að svo margir lakir árgangar komi fram í stofninum í röð.

Ysa

Ekki eru til umfangsmikil gögn frá fyrri árum til að meta nýliðun ýsu á sama hátt og hjá þorski. Í 14. töflu eru vísitölur yngstu aldersflokka á grundvelli gagna frá stofnmælingu botnfiska, þ.e. reiknaður heildarfjöldi fiska í aldersflokki á rannsóknasvæðinu út frá afla í staðaltogi. Góð fylgni er milli þessara vísitalna og nýliðunar skv. V.P.-greiningu og eru sambönd eins til fjögurra ára ýsu marktæk (sbr. 14. töflu og 43.-46. mynd). Árgangastyrkur, í milljónum tveggja ára fiska, reiknaður á grundvelli þessara sambanda er tekinn saman í eftirfarandi töflu:

Árgangur	Aldur (ár)				Núv. niðurstaða
	1	2	3	4	
1987	36	29	23	18	25
1988	34	30	31	36	33
1989	121	115	99		110
1990	148	170			160
1991	44				44

Árgangar 1987 og 1988 virðast aðeins vera um helmingur af meðalárgangi.

Árgangur 1989 kom fram í stofnmælingu 1990 sem eins árs fiskur í mjög miklu magni. Árgangurinn kemur einnig vel fram í stofnmælingunni 1992 og má því telja vaxandi líkur á því að þetta sé sterkur árgangur. Hann er metinn á 110 milljónir nýliða.

Árgangur 1990 var einnig mjög áberandi í stofnmælingu 1992, sbr. 14. töflu. Til bráðabirgða er gert ráð fyrir að hann sé álíka sterkur og árgangur 1989, enda þótt reiknuð stærð hans sé talsvert meiri. Nýliðun í ýsustofninn virðist því hafa verið

óvanalega góð síðustu tvö árin. Árgangur 1991 virðist vera nokkuð undir meðallagi.

3.8. Útbreiðsla þorsks

Útbreiðsla eins til átta ára þorsks í stofnmælingu 1992 er sýnd á 47.-54. mynd sem fjöldi fiska í staðaltogi (staðaltog = 4 sjómílur).

Eins árs þorskur fannst einkum norðan lands á svæðinu frá Strandagrunni að Melrakkaslétu. Utan þess svæðis fannst þessi yngsti árgangur stofnsins aðeins á takmörkuðum blettum. Athygli vekur þó að þessa fisks varð vart á grunnslóð fyrir sunnan og suðaustan land og jafnvel djúpt út af Reykjanesi.

Útbreiðslusvæði tveggja ára þorsks var greinilega mun stærra en eins árs fisks, eða að mestu samfelt frá Djúpi að Hornafirði. Mest fékkst á Digranesgrunni út af Vopnafirði og frá Hala austur á Strandagrunn.

Útbreiðslusvæði þriggja ára þorsks náði frá Breiðafirði um Norður- og Austurmið allt að Hornafirði. Mest var af þessum aldursflokki á afmörkuðum blettum norðan lands, á svæðinu frá Strandagrunni að Melrakkaslétu.

Heildarútbreiðsla fjögurra og fimm ára þorsks var mjög svipuð og náði frá Breiðafirði að Hornafirði. Tiltölulega lítið var af þessum aldursflokkum fyrir austanverðu landinu, en mest fyrir norðan land.

Útbreiðsla 6 ára þorsks var mjög gloppótt, en hann fannst einkum fyrir norðan- og austanverðu landinu. Mestur þéttleiki var við Kolbeinsey.

Útbreiðsla 7 ára þorsks var mun suðlægari en yngri aldursflokka og er ljóst að þessi aldursflokkur hefur gengið á suðursvæði til hrygningar í verulegum mæli. Fyrir norðan land og austan var útbreiðslan mjög gloppótt.

Útbreiðsla 8 ára þorsks sýnir ljóslega að þessi aldursflokkur var að lang mestu leyti genginn á suðursvæði til hrygningar. Mestur þéttleiki var fyrir suðaustan land og djúpt út af vestanverðri suðurströndinni. Kynþroskahlutfall 7 og 8 ára þorsks var óvenjuhátt í mars 1992 miðað við fyrri ár (7. tafla).

3.9. Náttúruleg dauðsföll þorsks samkvæmt rallvísitölum

Afar erfitt er að fá gott mat á náttúrulegum afföllum (M) hjá fiskstofnum. Á þetta sérstaklega við, þegar veitt er hátt hlutfall úr hverjum árgangi, því þá stjórna veiðarnar að mestu stofnstærðinni.

Í aflatölum endurspeglast árgangastyrkur og kemur greinilega í ljós hvernig árgangar minnka með aldri. Aflatölur gefa þó litla vísbendingu um náttúruleg afföll því ekki er með þeim gögnum einum unnt að greina á milli áhrifa veiða og annarra dauðsfalla.

Spurningin um umfang dauðsfalla er afskaplega áhugaverð frá fræðilegu sjónarmiði. Hins vegar skiptir hún litlu máli fyrir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, a.m.k. ef aðeins er litið til fárra ára. Þetta kann að koma spánskt fyrir sjónir, en ef grannt er skoðað kemur í ljós að niðurstöður ráðgjafar eru að mestu óháðar því, hver hin raunverulegu náttúrulegu afföll eru. Stafar þetta af því að sóknin er svo langt umfram hagkvæmstu sókn. Niðurstaðan um að best (hagkvæmast) sé að draga úr sókninni stenst því fyrir þau gildi á M sem koma til greina fyrir þorskstofninn.

Á 55. mynd má sjá samanburð á vísitölum þriggja og fjögurra ára fisks. Hér hafa gögn norður- og suðvestursvæðis verið sameinuð. Yngstu aldursflokkar koma vel fram í stofnmælingunni, en þó er greinilegt að þeir veiðast ekki eins vel og þriggja ára fiskur og því erfiðara að meta dauðsföll. Eldri fiskur er hins vegar það mikið í veiðinni að erfiðara er að nota hann þegar reynt er að meta náttúruleg afföll.

Nokkur umræða hefur orðið um svokallaða grisjunarkenningu síðustu ár, en samkvæmt henni á að vera unnt að fá meiri afla með því að sækja stífar, m.a. í smáfisk. Slíkt er fyllilega hugsanlegt en þetta þarf þó að hugsa til enda áður en gerðar eru tilraunir með þorskstofninn. Til að grisjun gefi af sér meiri afla þarf a.m.k. annað tveggja að gilda: (1) þeir fiskar sem eftir lifi gefi meira í einstaklingsþunga en sem nemur þeim vexti sem hefði orðið ef ekki hefði verið grisjað og/eða (2) náttúruleg afföll verði mikil þegar árgangar eru stórir og því borgi sig að grisja stóra árganga til þess að koma í veg fyrir stórfelld dauðsföll vegna fæðuskorts.

Hvorugur hluti kenningarinnar stenst nánari skoðun, en hér verður aðeins minnst á það sem snýr að náttúrulegum afföllum.

Af 55. mynd er ljóst, að árgangar sem mælast stórir þriggja ára mælast einnig stórir fjögurra ára. Ekki verður séð að afföll aukist með stækkandi árgangastyrk þriggja ára fisks. Venjulega er reiknað með að náttúrulegur dánarstuðull þorskfiska þriggja ára og eldri séu um 0.2. Þetta svarar til að um 18% þorska deyji náttúrulegum dauða ef ekki er veitt úr stofninum.

Sé þessi stuðull notaður reiknast veiðistuðull þriggja ára fisks 0.05, eða mun minni en náttúruleg afföll. Þessi heildardánarstuðull ($Z=0.25$) svarar til að þriggja ára þorskum fækkar um 22% á ári. Tilsvarendi lína er teiknuð inn á 55. mynd. Línan fellur greinilega vel að mælipunktunum og því hefur ekki verið talin nein ástæða til að hverfa frá því að nota $M=0.2$ í útreikningum Hafrannsóknastofnunarinnar á náttúrulegum afföllum.

Að sjálfsögðu má prófa að reikna með öðrum náttúrulegum dánarstuðlum. Þá fást aðrir heildardánarstuðlar fyrir þriggja ára fisk og kemur í ljós að samsvarandi línur falla ekki eins vel að mæligildum og lína sú, sem gefin er í 55. mynd.

3.10. veiðanleiki þorsks eftir svæðum

Með veiðanleika er átt við hversu vel tiltekna veiðar ná til stofnsins. Verður hér örlítið lýst, hver munur er á veiðanleika á suðvestursvæði annarsvegar og norðursvæði hinsvegar, sem skilgreind eru á 55. mynd a). Suðaustursvæðinu er sleppt í eftirfarandi skoðun og er því í reynd aðeins verið að skoða hluta þorskstofnsins, en langstærstan hluta þó.

Vitað er að smærri fiskur veiðist meira fyrir norðan land en sunnan. Hluti ástæðunnar er að fiskur gengur suður til hrygningar, en einnig þarf að taka tillit til þess að fiskurinn heldur sig ekki fast við botn meðan á hrygningu stendur.

Á 56. mynd b) sést veiðanleiki aldursflokka suðvestur- og norðursvæði. Gildin eru reiknuð sem meðaltöl árána 1985-1992, fyrir hvern aldursflokk. Á 56. mynd c) sést hvernig hlutfall kynþroska (í stofni, skv. Ástandsskýrslu Hafrannsóknastofnunar) hækkar með aldri og er þar komin skýring á hvers vegna veiðanleiki eykst með aldri á suðvestursvæðinu en minnkar á norðursvæði.

Reyna má að skipta þorskstofninum í norður- og suðvesturstofn. Þá þarf að gefa sér viðbótarforsendur. Forsendur og líkön verður að túlka sem nálgun á raunveruleikanum. Nauðsynlegt er að hafa í huga að slíkt stenst aldrei nákvæmlega, en er mjög gagnlegt til að ná fram upplýsingum úr gögnum, sem ella er ekki hægt að túlka. Ef reiknað er með að klædda botnvarpan sé í eðli sínu jafn veiðin fyrir norðan land og sunnan hlýtur mismunurinn á 56. b) mynd að stafa af því að mishátt hlutfall stofnsins er fyrir sunnan land og norðan.

56. mynd d) lýsir því, hvernig hlutfall þorsks fyrir norðan land af heildarstofni lækkar með hækkandi aldri. Athuga ber, að ekki er hægt að túlka hlutföllin beint því ljóst er að forsendan um að botnvarpa veiði kynþroska fisk eins vel og þann ókynþroska stenst ekki. Þrátt fyrir þennan annmarka endurspeglar myndin ágætlega það sem vitað er: Eldri fiskurinn heldur sig meira fyrir sunnan land í mars heldur en sá yngri.

3.11. Lengdar-þyngdarsamband þorsks

Vegnir voru 282 þorskar um borð í Arnari HU-1 á norðursvæði og 349 þorskar um borð í Vestmannaey VE-54 á suðursvæði. Byrjað var á þessum mælingum árið 1987 á norðursvæði og 1988 á suðursvæði. Tilgangur þessara mælinga er að fylgjast með hvort breytingar eru á lengdar-þyngdarsambandi frá ári til árs.

Sýnataka fer þannig fram að valdir eru 20 fiskar í hverju 5 cm lengdarbili. Hver fiskur er lengdarmældur, vegin óslægður, þá slægður og vegin aftur. Jafnframt er fiskurinn kyn- og kynþroskagreiður. Við útreikninga á lengdar-þyngdarsambandi er notuð hefðbundin aðferð. Gengið er út frá að sambandið $P = a * L^b$ gildi og stuðlarnir a og b fundnir með því að beita línulegri aðhvarfsgreiningu á log-umreiknuð gildi. Lengdar-þyngdarsamband er reiknað fyrir óslægðan og slægðan fisk og sýnir eftirfarandi tafla niðurstöðurnar frá því að mælingar hófust:

SLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1987	-	-	0.006	3.052
1988	0.006	3.064	0.005	3.097
1989	0.003	3.207	0.005	3.079
1990	0.003	3.199	0.005	3.088
1991	0.012	2.903	0.005	3.113
1992	0.010	2.940	0.005	3.117

ÓSLÆGT				
Suðursvæði			Norðursvæði	
Ár	a	b	a	b
1987	-	-	0.005	3.166
1988	0.003	3.241	0.005	3.165
1989	0.002	3.396	0.004	3.188
1990	0.002	3.352	0.005	3.120
1991	0.009	3.015	0.005	3.127
1992	0.006	3.130	0.005	3.184

